

Cetol TFF

Parketlakk

Efnislýsing

Cetol TFF er rispuþolið, vatnsþynnanlegt pólýúretanlakk, ætlað til notkunar innanhúss á parket og viðargólf. Lakkið er lyktarlítið, auðvelt í notkun, rennur einstaklega vel út og þornar og harðnar hratt. Cetol TFF er þvottelt, slitsterkt og gulnar ekki með tímanum. Efnið hefur silkimatta áferð, er ekki hált og því einnig hentugt sem hlífðarlag á þrep og kork. Áferð og gagnsæi lakkens dregur fram náttúruleg einkenni og lit viðarins.



Meðhöndlun

Nýmálun á beran við innanhúss

1. Tryggið að viðurinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi. Berið Cetol TFF á allan flötinn, má þynna 5-10% með vatni. Látið þorna í 4 klst. (við 20°C og 50% rakastig).
2. Slípið (með sandpappír P220-240) og rykhreinsið.
3. Berið Cetol TFF á flötinn. Látið þorna í 4 klst. (við 20°C og 50% rakastig).
4. Slípið létt yfir flötinn (með sandpappír P220-240) og rykhreinsið.
5. Lakkið yfir flötinn með lokaumferð af Cetol TFF.

Athugið: Á þrep skal bera eina aukaumferð af Cetol TFF.

Lökkun á áður málaða fleti

1. Hreinsið flötinn vandlega og fjarlægjið eldri málningarlög með slípun.
2. Þvoið með Nordsjö Original Málartvätt. Skiptið reglulega um tuskur.
3. Þvoið gólfíð með edikblönduðu vatni (3 dl. af 24% sterku ediki í 8-10 lítra af vatni).
4. Slípið og rykhreinsið vandlega.
5. Berið Cetol TFF á allan flötinn, má þynna 5-10% með vatni. Látið þorna í 4 klst. (við 20°C og 50% rakastig).
6. Slípið (með sandpappír P220-240) og rykhreinsið.
7. Berið Cetol TFF á flötinn. Látið þorna í 4 klst. (við 20°C og 50% rakastig).
8. Slípið létt yfir flötinn (með sandpappír P220-240) og rykhreinsið.
9. Lakkið yfir flötinn með lokaumferð af Cetol TFF.

Athugið: Á þrep skal bera eina aukaumferð af Cetol TFF.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á tryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Pólýúretan

Gljástig: Satíngljái

Flot: Afburðagott

Viðloðun: Afburðagóð

Slitþol: Mjög gott rispu- og höggþol

Þvottur: Má hreinsa með hefðbundnum heimilishreinsiefnum

Hiti við málun: 10-30°C

Rakastig: Mest 85%

Þéttleiki: 1,03 kg/dm³

Þurrktími við 20°C/65% raka:

Rykfrítt: Eftir u.þ.b. 1 klst.

Slípun og yfirmálun: Eftir u.þ.b. 4 klst.

Gegnumharðnað: Eftir u.þ.b. 4 daga

Má ganga á: Eftir u.þ.b. 12 klst.

Þynning: Með vatni, mest 5-10% í fyrstu umferð. Næstu umferðir má hafa óþynntar

Verkfæri: Lakkpenslar, lakkrúllur. Á stærri fleti er nauðsynlegt að nota rúllur

Þekja: U.þ.b. 10 fermetrar á lítra (veltur mikið á undirlagi og aðferð við lökkun)

Litur: Litlaust. Lakkið er mjólkurlitað í dósinni en verður alveg litlaust eftir þornun

Pakkningar: 1 og 2,5 lítra dósir

Hreinsun verkfæra: Með vatni strax eftir notkun

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/e) 150 g/l (2007), 130 g/l (2010). Inniheldur mest 120 g/l